



Öndunarfærasýkingar


Vika 3

16. – 22. janúar 2023

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir


Inflúensa

Svipaður fjöldi greindist með staðfesta inflúensu í þriðju viku ársins samanborið við viku 2 (Mynd 1).




Mynd 1. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum. Veturinn 2022–2023 til og með 24. janúar 2023.

Í heildina greindust 40 einstaklingar, þar af 17 með inflúensustofn A(H1) pdm09, sjö með stofn A(H3) og 16 með stofn B. Talsvert fleiri greindust með inflúensustofn B miðað við undanfarnar vikur en meðalfjöldi greininga með þennan stofn síðustu fimm vikur var 2,6 (Mynd 2).




Mynd 2. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum og stofnum á núverandi flensutímabili.

Áfram greinast hlutfallslega flestir í aldurshópunum 0–4 ára og 65 ára og eldri, líkt og undanfarin inflúensutímabil (Mynd 3).



Mynd 3. Tíðni staðfestrar inflúensu eftir aldri. Veturinn 2022–2023 til og með 24. janúar 2023.


Fjöldi klínískra greininga á inflúensulíkum einkennum var sambærilegur á milli vikna og er enn undir meðaltali undangenginna flensútímabila (Mynd 4).



Mynd 4. Vikulegur fjöldi með inflúensulík einkennum samanborið við meðalfjölda flensútímabila 2015-2022.

COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)


Í þriðju viku ársins greindust 76 með COVID-19 sem er talsvert minna en undanfarnar vikur. Hlutfall jákvæðra sýna hélst þó óbreytt frá síðustu viku en færri sýni voru tekin í viku 3 en viku 2 (Mynd 5).



Mynd 5. Fjöldi COVID-19 greininga veturinn 2022–2023 eftir vikum.

Skarlatssótt

Enn greinast óvenjumargir með skarlatssótt en fjöldi greininga í viku 3 var 37 (Mynd 6).




Mynd 6. Vikulegar greiningar á skarlatssótt í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017–2021.

Eins og **áður hefur verið fjallað um** valda streptókokkar af grúppu A (GAS) skarlatssótt. GAS eru bakteríur sem smitast með dropum úr öndunarvegi og beinni snertingu og geta einkennin líkst veirusýkingu. Algeng sýklalyf virka þó gegn þessari tegund baktería. GAS geta einnig valdið ífarandi sýkingu og hafa óvenjumargir lagst inn á Landspítala undanfarið með slíka sýkingu. Sem stendur er ífarandi sýking af völdum GAS hvorki skráningar- né tilkynningarskyldur sjúkdómur.

Hálsbólga

Streptókokkar af grúppu A er ein fjölmargra orsaka hálsbólgu, sem er skráningarskyld greining. Undanfarið hefur verið mikil aukning í klínískum greiningum hálsbólgu. Fjöldi greininga í viku 3 var 968 en í sömu viku í fyrra var fjöldinn 266 og meðalfjöldi greininga í þessari viku árin 2017 til 2021 var 345 (Mynd 7). Líklegt er að stór hluti þessarar aukningar tengist strep A, með hliðsjón af sambærilegu mynstri í skarlatssóttar-greiningum.




Mynd 7. Vikulegar greiningar á hálsbólgu í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017–2021.

RS og aðrar öndunarfærasýkingar

Í þriðju viku ársins greindust 27 með RS-veiru (RSV), aðeins færri en í viku 2. Þar af voru 9 börn á aldrinum 0–1 árs. Af öðrum öndunarfæraveirum greindist mest af Rhinoveiru og Metapneumóveiru (hMPV), líkt og í síðustu viku, en þó greindust færri með hMPV í viku 3 en í undanförunum vikum, sjá töflu á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).


Innlagnir á Landspítala

Fjöldi innlagna á Landspítala vegna inflúensu og RSV hélst svipaður á milli vikna en fjöldi sem lagðist inn með eða vegna COVID-19 lækkaði um næstum helming (Mynd 8). Alls liggja nú 9 manns á Landspítala vegna COVID-19, enginn á gjörgæslu.



Mynd 8. Vikulegur fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022–2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV.

Sem fyrr eru innlagnir vegna COVID-19 og inflúensu algengastar meðal fólks 65 ára og eldra á meðan innlagnir vegna RSV eru algengastar meðal 0–2 ára barna (Mynd 9).



Mynd 9. Uppsafnaður fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022–2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV eftir aldri.

Samantekt

Svipaður fjöldi greindist með staðfesta inflúensu í viku 3 samanborið við viku 2. Nokkur breyting varð þó á þeim stofnum sem greindust. Talsvert fleiri greindust með stofn B en fækkun varð í fjölda greininga af stofni A(H1). Fjöldi klínískra greininga á inflúensulíkum einkennum var einnig sambærilegur á milli vikna. COVID-19 greiningum fer fækkandi en hlutfall jákvæðra sýna helst enn hátt. Áfram greinast óvenjumargir með skarlatssótt samanborið við fyrri ár og á það sama við um hálsbólgu. Fjöldi sem greindist með RSV á veirufræðideild Landspítala var aðeins lægri en í viku 2. Innlagnir af völdum RSV og inflúensu voru svipað margar í viku 3 og í viku 2 en talsvert færri lögðust inn með og vegna COVID-19.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og að smita aðra. Við minnum alla á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna viðeigandi handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.
- Forðast fjölmenni og halda fjarlægð eins og hægt er.

